

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. *Hvernig hafa ógreiddar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins breyst frá og með 1995?*

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) skiptist í fimm deildir, A-deild LSR, B-deild LSR, S-deild LSR, Lífeyrissjóð alþingismanna og Lífeyrissjóð ráðherra. Ríkissjóður ber skuldbindingu vegna allra þessara sjóða nema A- og S-deildar LSR. Þrátt fyrir að ekki sé spurt sérstaklega um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH) er hann hafður með í þessari umfjöllun. Eingöngu fjallað um skuldbindingar þeirra sjóða (LSR og LH) sem ríkissjóður er bakábyrgur fyrir.

Tölur fyrir árið 2001 eru áætlaðar og ber að taka með fyrirvara. Gert er ráð fyrir að skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 verði sama hlutfall af skuldbindingum sjóðanna í heild og árið 2000.

**Lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs (fjárhæðir í millj. kr.)**

	1995	Breyting	1996	Breyting	1997	Breyting	1998	Breyting
B-deild LSR	69.398	-	77.439	12%	80.925	5%	108.345	34%
Lífeyrissjóður	7.151	-	7.914	11%	8.336	5%	11.024	32%
hjúkrunarfræðinga								
Lífeyrissjóður alþingismanna	2.460	-	2.505	2%	2.662	6%	2.737	3%
Lífeyrissjóður ráðherra	306	-	330	8%	345	5%	366	6%
<b>Samtals</b>	<b>79.315</b>	<b>-</b>	<b>88.188</b>	<b>11%</b>	<b>92.268</b>	<b>5%</b>	<b>122.472</b>	<b>33%</b>

	Áætlun					
	1999	Breyting	2000	Breyting	2001	Breyting
B-deild LSR	122.698	13%	139.360	14%	158.694	14%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	11.716	6%	12.402	6%	14.164	14%
Lífeyrissjóður alþingismanna	3.316	21%	3.286	-1%	3.450	5%
Lífeyrissjóður ráðherra	690	89%	714	3%	749	5%
Samtals	138.420	13%	155.762	13%	177.057	14%
Aukaframlag ríkissjóðs umfram lögbundin iðgjöld (inneign í lok árs)	8.015		17.357	117%	33.954	96%
<b>Samtals</b>	<b>130.405</b>	<b>6%</b>	<b>138.405</b>	<b>6%</b>	<b>143.103</b>	<b>3%</b>

2. *Hvað hafa ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greitt háar fjárhæðir umfram iðgjöld til lífeyrissjóðsins til að mæta auknum lífeyrisskuldbindingum?*

Á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til sjóðanna umfram lagaskyldu og hefur þeim greiðslum verið haldið áfram. Innborganir ríkissjóðs geta ýmist verið í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara, sem sjóðurinn hefði annars skilað til ríkissjóðs. Áframhaldandi greiðslur eru háðar stöðu ríkissjóðs og ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Greiðslur ríkissjóðs til sjóðanna vegna lífeyrishækkana eru ekki með í þessari umfjöllun, en þær koma einnig til lækkunar á skuldbindingu ríkissjóðs.

**Aukagreiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar** (fjárhæðir í mkr.)

	<b>B-deild LSR</b>		<b>Áætlun</b>
	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>
Aukaframlag ríkissjóðs .....	5.334	6.300	11.250
Ýmis viðbótariðgjöld .....	1.550	1.467	1.529
Uppfærsla v/ vaxta og verðbóta .....	203	669	2.218
<b>Samtals</b>	<b>7.087</b>	<b>8.436</b>	<b>14.997</b>
<b>Uppsöfnuð inneign ríkissjóðs í lok árs .....</b>	<b>7.087</b>	<b>15.523</b>	<b>30.520</b>

	<b>Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga</b>		<b>Áætlun</b>
	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>
Aukaframlag ríkissjóðs .....	667	700	1.250
Ýmis viðbótariðgjöld .....	204	143	143
Uppfærsla v/ vaxta og verðbóta .....	58	63	207
<b>Samtals</b>	<b>929</b>	<b>906</b>	<b>1.600</b>
<b>Uppsöfnuð inneign ríkissjóðs í lok árs .....</b>	<b>929</b>	<b>1.834</b>	<b>3.435</b>

	<b>B-deild LSR &amp; LH samtals</b>		<b>Áætlun</b>
	<b>1999</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>
Aukaframlag ríkissjóðs .....	6.000	7.000	12.500
Ýmis viðbótariðgjöld .....	1.754	1.610	1.672
Uppfærsla v/ vaxta og verðbóta .....	261	732	2.425
<b>Samtals</b>	<b>8.015</b>	<b>9.342</b>	<b>16.597</b>
<b>Uppsöfnuð inneign ríkissjóðs í lok árs .....</b>	<b>8.015</b>	<b>17.357</b>	<b>33.954</b>

3. *Hvernig hefur stjórn lífeyrissjóðsins ráðstafað þessu fé? Svarið óskast sundurgreint á ríkisskuldabréf, önnur skuldabréf, skráð hlutabréf og óskráð hlutabréf, svo og á innlenda og erlenda fjárfestingu. Ef ekki liggur fyrir sundurliðun á ráðstöfun þessa fjár sérstaklega verði það metið sem hlutfall af sameiginlegri ráðstöfun.*

Aukagreiðslum ríkissjóðs umfram lagaskyldur er ráðstafað með öðrum fjármunum sjóðanna. Hér að neðan má sjá hvernig þessum fjármunum hefur verið varið árin 1999 og 2000 ásamt áætlun fyrir árið 2001 samkvæmt umbeðinni flokkun.

**Ráðstöfun aukagreiðslna ríkissjóðs**

	B-deild LSR			LH		
	1999	2000	Áætlun 2001	1999	2000	Áætlun 2001
Ríkisskuldabréf.....	1.846	1.583	1.736	200	186	184
Önnur skuldabréf.....	2.900	1.964	4.715	313	169	449
Innlend hlutabréf.....	186	1.023	2.322	32	160	384
Erlend hlutabréf.....	1.952	3.197	4.006	326	328	376
<b>Samtals</b>	<b>6.884</b>	<b>7.767</b>	<b>12.779</b>	<b>871</b>	<b>843</b>	<b>1.393</b>
<b>Sundurliðun hlutabréfa:</b>						
Óskráð hlutabréf.....	0	88	58	0	17	6
Skráð hlutabréf.....	2.138	4.132	6.270	358	471	754
<b>Samtals</b>	<b>2.138</b>	<b>4.220</b>	<b>6.328</b>	<b>358</b>	<b>488</b>	<b>760</b>

Á árinu 2001 voru gerðir gjaldmiðlaskiptasamningar til að draga úr gjaldmiðlaáhættu og koma í veg fyrir að erlendar fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hefðu áhrif á gengi íslensku krónunnar. Alls voru gerðir samningar fyrir 3,5 milljarða króna.

4. *Hvernig hefur ávöxtun á þetta fé verið frá 1995?*

Eins og áður hefur komið fram hóf ríkissjóður greiðslur til sjóðanna umfram lagaskyldu árið 1999. Því eru meðfylgjandi upplýsingar fyrir árin 1999 til 2001. Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til sjóðanna eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun þeirra.

**Hrein raunávöxtun 1999–2001.**

	1999	2000	janúar til júní 2001
B-deild LSR	7,56%	2,17%	2,60%
LH	9,08%	0,71%	1,90%

5. *Hvaða áhrif hefur góð eða lök ávöxtun á iðgjöld launþega, iðgjöld og eingreiðslur launagreiðenda og fjárhæð lífeyris, sundurgreint á deildir? Hvernig er því farið hjá almennum lífeyrissjóðum?*

Svör þessi taka til allra fimm deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

**Iðgjald launþega.**

Ávöxtun sjóðanna hefur engin áhrif á iðgjald launþega. Launahækkarnir hafa hins vegar áhrif á iðgjaldagreiðslur launþega og mótframlag launagreiðenda. Hjá S-deild LSR er iðgjaldaprósentan háð ákvörðun launþegans.

### **Mótframlag launagreiðenda.**

Ávöxtun sjóðanna hefur engin áhrif á mótframlag launagreiðenda nema hjá A-deild LSR.

Hjá A-deild LSR er mótframlag launagreiðenda nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósenta launagreiðenda er endurskoðuð árlega. Heildarstaða A-deildar LSR var í jafnvægi í árslok 2000 og er mótframlag launagreiðenda enn óbreytt frá stofnun sjóðsins.

### **Lífeyrishækkunar.**

Samkvæmt lögum um sjóði LSR og LH endurgreiða launagreiðendur sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Ávöxtun sjóðanna hefur engin áhrif á endurgreiðslur launagreiðenda til sjóðanna vegna lífeyrishækkana. Hækkunar á dagvinnulaunum hækka greiðslur til lífeyrisþega samkvæmt launaviðmiði þeirra, þessar hækkunar eru þannig endurgreiddar til sjóðanna frá launagreiðendum. Þetta gildir eingöngu um virka lífeyrisþega á hverjum tíma.

Kröfur á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana eru ekki til staðar hjá A- og S-deild LSR.

### **Lífeyrisgreiðslur.**

Ávöxtun annarra deilda en S-deildar LSR hefur engin áhrif á lífeyrisgreiðslur, en þær breytast í samræmi við hækkunar á dagvinnulaunum. Lífeyrisgreiðslur A-deildar LSR hækka í samræmi við vísitölu neysluverðs. Inneign sjóðfélaga hjá S-deild LSR breytist í takt við innborganir og ávöxtun en við tiltekinn aldur er inneignin laus til útborgunar samkvæmt fyrirkomulagi sem sjóðfélaginn ákveður.

### **Aukagreiðslur ríkissjóðs.**

Í kjölfar þess að ríkissjóður hóf að greiða aukalega til B-deildar LSR og LH árið 1999 var undirritaður samningur milli sjóðanna og ríkissjóðs um hvernig farið skyldi með þessa fjármuni hjá sjóðunum. Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt samkvæmt samkomulaginu eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna.

Innborganir ríkissjóðs mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar á skuldbindingum ríkissjóðs. Inneignin hefur hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjors á þeim.

### **Bakábyrgð ríkissjóðs.**

Bakábyrgð ríkissjóðs er sá hluti af skuldbindingum sjóðanna sem ekki er mætt með eignum sjóðanna eða kröfu þeirra á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana. Eignir sjóðanna eru m.a. háðar ávöxtun þeirra en lífeyrishækkunar eru háðar hækkunum á dagvinnulaunum. Slök ávöxtun samfara miklum hækkunum á dagvinnulaunum eykur bakábyrgð ríkissjóðs.

Til skýringar má hér að neðan sjá hvernig skuldbinding vegna B-deildar LSR skiptist á ábyrgðaraðila í árslok 2000. Nánari umfjöllun má finna á bls. 29–33 í ársreikningi sjóðanna fyrir árið 2000.

<b>Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu</b>	<b>Fjárhæð</b>	<b>Uppsöfnuð</b>	
<b>B-deildar LSR í árslok 2000</b>	<b>mkr.</b>	<b>Hlutdeild</b>	<b>hlutdeild</b>
Hrein eign skv. efnahagsreikningi til greiðslu lífeyris .....	63.079	26,7%	26,7%
Endurmat á verðbréfaeign .....	7.917	3,3%	30,0%
Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. ....	108.232	45,8%	75,8%
Krafa á ríkissjóð skv. 32. gr. ....	57.139	24,2%	100,0%
Áfallin skuldbinding skv. mati tryggingafræðinga .....	<b>236.367</b>	<b>100,0%</b>	

#### **Aðrir sjóðir.**

Aðrir lífeyrissjóðir eru flestir stigastjóðir og svipar þannig til A-deildar LSR nema hvað mótframlag launagreiðenda er ekki breytilegt. Ef ávöxtun þeirra er slök í langan tíma gæti þurft að skerða réttindi sjóðfélaganna. Hjá A-deild LSR er mótframlagi launagreiðenda breytt þar til jafnvægi er náð milli eigna og skuldbindinga.